

Starfsmaður fer í leyfi / stofa lokar tímabundið

Síðast uppfært 29/07/2026 11:55 am BST

Ef starfsmaður eða fyrirtækið sjálft fer í tímabundið leyfi, til dæmis vegna fæðingarorlofs, sumarleyfis eða annarra aðstæðna, eru mismunandi leiðir í boði eftir því hvort aðeins einn starfsmaður er frá eða öll starfsemin lokar tímabundið.

Starfsmaður fer í leyfi

Ef einn starfsmaður fer í leyfi en fyrirtækið heldur áfram starfsemi er einfaldlega hægt að fela viðkomandi af dagatalinu. Þá verður starfsmaðurinn ekki lengur bókanlegur og ekki er lengur greitt fyrir hann í kerfinu.

Þetta er gert með því að fara í **Valmyndina -> Starfsmenn -> smellir á viðkomandi starfsmann -> og tekur úr hakið "Birta á dagatali"**.

Breyta starfsmanni

Starfsmaður

Netbeiðnir

Þjónustur

Birta á dagatali



Prófilmynd starfsmanns

1:1 hlutföll koma best út

Nafn

Birna

Þá er starfsmaðurinn undir **"Falin á dagatali"** og þú greiðir ekki lengur fyrir hann. Gögnin hans glatast ekki og þú getur hakað aftur í **"Birta á dagatali"** hvenær sem er og hann verður aftur bókanlegur á markaðstorginu.

Starfsmenn

Leitaðu...

+ Bæta við

Sýnd á dagatali

1 starfsmaður

T

Tinna

Eigandi · tinna@noona.is

Falin á dagatali

1 starfsmaður




Birna

Eigandi · birna@noona.is

Fyrirtækinu er tímabundið lokað vegna leyfis

Ef þú ert einyrki og þarft að loka stofunni/fyrirtækinu hjá þér tímabundið þá getur þú sagt upp áskriftinni með því að fara inn í **stillingar → áskrift → breyta → skrolla niður og velja segja upp áskrift**.

Eftir að áskriftinni hefur verið sagt upp birtst þú enn þá inn á Noona markaðstorginu þannig að ef þú vilt slökkva á netbókunum þarftu að gera eftirfarandi: fara í hliðarstikuna → **prófill fyrirtækis** → smella á 'virkur' → smella á **afvirkja prófíl**.



Ef þú vilt vera ennþá inni á markaðstorginu þá getur þú sagt upp áskriftinni en sleppir því að afvirkja prófílinn en þarft að passa að setja **frítíma í dagatalið** hjá þér.

Við munum hætta að rukka fyrir áskriftinni frá og með deginum sem aðganginum er sagt upp. Aðgangurinn þinn eyðist ekki og heldur ekki neinar upplýsingar sem eru þar inni, svo ef að þú vilt eitthvern tímann koma aftur í áskrift er hægt stilla hann eins og hann var og þú heldur öllum upplýsingum 😊

Gangi ykkur vel og ekki hika við að hafa samband í gegnum bláu spjallbúbbbluna ef að þið hafið frekari spurningar ♥
